

STYKKISHÓLMSBÆR

Skýrsla um endurskoðun
ársreiknings 2015

ÞREP ehf. ó endurskoðun
Maí 2016

EFNISYFIRLIT

1. Framkvæmd endurskoðunarinnar.....	Bls.	3
2. Endurskoðun ársreiknings 2015	“	3
○ Almennar endurskoðunaraðgerðir.....	ö	3
3. Fjárhagsáætlun og rauntölur	“	4
○ Rekstur A hluta miðað við fjárhagsáætlun.....	“	4
○ Rekstur A og B hluta miðað við fjárhagsáætlun.....	“	4
○ Fjárfesting A og B hluta miðað við fjárhagsáætlun.....	“	5
4. Ársreikningar bæjarfélagsins 2015 – afkoma og fjárhagsstaða	“	5
○ Bæjarsjóður A hluti.....	“	5
○ B hluta fyrirtæki.....	“	6
○ Fráveita	“	6
○ Hafnarsjóður	“	6
○ Framkvæmdasjóður	“	6
○ Önnur fyrirtæki.....	“	6
○ Samandregin A og B hluti	“	6
○ Efnahagsreikningur.....	“	7
○ Sjóðsstreymisyfirlit.....	“	7
5. Niðurstöður og lokaorð	“	8
○ Bókhald og innra eftirlit.....	”	8
○ Útistandandi skuldir.....	”	8
○ Langtímakröfur.....	”	8
○ Handbært fé	”	8
○ Skuldir og skuldbindingar	”	8
○ Ábyrgðir utan efnahagsreiknings.....	”	9
○ Fjárhagsáætlun.....	”	9
○ Rekstur bæjarfélagsins.....	”	9
○ Opinber viðmið.....	”	9
○ Lokaorð	”	10

1. Framkvæmd endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var framkvæmd eftir góðri endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt verði í ljós að ársreikningurinn væri í meginatriðum án annmarka. Skipulagningin tekur mið af áhættuþáttum í rekstri Stykkishólmsbæjar og innra eftirlitskerfi svo sem, innheimtueftirliti, eftirlitsaðgerðum reikningshalds, stjórnunarlegu eftirliti með rekstri og áætlunum sem fyrir liggja á hverjum tíma.

Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldsgögnum og bókhaldskerfum að því marki sem við töldum nauðsynlegt til að komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreiknings Stykkishólmsbæjar. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits. Við endurskoðunina voru afstemmingar á eigna- og skuldaliðum yfirfarnar og mat eignaliða sannreynt. Endurskoðunin fól einnig í sér greiningu á hinum ýmsu liðum rekstrarreikningsins, samanburði við áætlun og ársreikning fyrra árs.

Við höfum einnig kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu Stykkishólmsbæjar sem lög og reglur mæla fyrir um.

Á bls. 8-10 hér á eftir í skýrslunni er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum okkar og ábendingum.

2. Endurskoðun ársreiknings 2015

Almennar endurskoðunaraðgerðir

Við endurskoðun á ársreikningi ársins 2015 voru gerðar ýmsar kannanir á bókhaldi bæjarins og bókhaldskerfum eins og áður er komið fram.

Meðal þeirra endurskoðunaraðgerða sem fram hafa farið má nefna eftirfarandi:

- Gerðar voru athuganir á afstemmingum efnahagsliða. Auk þess var farið yfir afstemmingar á undirkerfum við aðalbókhald bæjarins og mat á einstökum eignum yfirfarið.
- Gerð var könnun á útistandandi kröfum og skuldastöðu einstakra skuldunauta. Á árinu voru útistandandi skuldir að fjárhæð 0,5 millj kr afskrifaðar að fullu og í ársuppgjörinu færðar niður um 4,0 millj. kr. Innheimtueftirlit og eftirfylgni með ógreiddum kröfum er í eðlilegum farvegi.
- Gerð var greining á rekstrarkostnaði með tilliti til ársreiknings fyrra árs og áætlunar ársins. Í skýringu nr. 36 í ársreikningnum sést hvernig útgjöld ársins skiptast hlutfallslega m.v. tekjur, og hvernig sú skipting er miðað við fyrra ár.
- Gerður var samanburður á fjárhagsáætlun ársins og ársreikningi og frávik könnuð.
- Farið var yfir launaútreikninga og ráðningarsamninga við starfsmenn.
- Gerð var könnun á eignfærslu fastafjármuna og hvað lá til grundvallar þeirri eignfærslu.
- Kaup á áhöldum og tækjum voru könnuð og sérstaklega litið til gjaldfærslu og eignfærslu þessara kaupa
- Gerð var könnun á innra eftirlit og meðferð fjármuna bæjarins. Skoðaðar voru þær vinnuaðferðir sem viðhafðar eru við greiðslu reikninga hjá bæjarfélaginu. Gerð var könnun á tekjuskráningarkerfi bæjarins

3. Fjárhagsáætlun og rauntölur.

Samkvæmt fundargerðum bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar var fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 15. desember 2014. Í október 2015 var fjárhagsáætlunin endurskoðuð og samþykktur viðauki við fyrri áætlun. Fjárhagsáætlunin með viðaukum er birt í ársreikningnum til samanburðar við rauntölur. Einnig er í skýringu nr. 38 og 39 með ársreikningi birt yfirlit yfir upphaflega áætlun, viðauka og endanlega áætlun með viðaukum. Framsetning fjárhagsáætlunar hefur verið samræmd framsetningu ársreiknings eftir því sem með hefur þurft.

3.1 Rekstur A hluta – miðað við fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða A hluta samkvæmt fjárhagsáætlun var áætluð jákvæð um 16,7 þús. kr. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á milli ársreiknings A hluta og áætlunarinnar.

	<u>Ársreikn</u>	<u>Áætlun</u>	<u>Mismunur</u>	<u>%</u>
Skatttekjur.....	567.769	607.088	-39.319	-6,48%
Framlag jöfnunarsjóðs.....	228.544	212.582	15.962	7,51%
Aðrar tekjur.....	269.969	189.179	80.790	42,71%
Laun og launatengd gjöld.....	606.082	555.481	50.601	9,11%
Annar rekstrarkostnaður.....	351.339	330.044	21.295	6,45%
Afskriftir.....	40.521	42.030	-1.469	-3,50%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	-51.584	-57.737	6.153	-10,66%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....	16.756	53.557	-36.801	-68,71%

3.2 Rekstur A og B hluta – miðað við fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta samkvæmt fjárhagsáætlun var áætluð jákvæð um 32,7 þús. kr. Niðurstaða samantekins ársreiknings 2015 fyrir A og B hluta í samanburði við fjárhagsáætlun er sýnd í eftirfarandi töflu.

	<u>Ársreikn</u>	<u>Áætlun</u>	<u>Mismunur</u>	<u>%</u>
Skatttekjur.....	567.769	607.088	-39.319	-6,48%
Framlag jöfnunarsjóðs.....	228.544	212.582	15.962	7,51%
Aðrar tekjur.....	354.670	262.257	92.413	35,24%
Laun og launatengd gjöld.....	618.908	566.627	52.281	9,23%
Annar rekstrarkostnaður.....	375.378	313.595	59.783	19,06%
Afskriftir.....	54.482	57.467	-2.985	-5,19%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	-69.478	-82.317	12.839	-15,60%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....	32.737	61.921	-29.184	-47,13%

Helstu frávík frá fjárhagsáætlun A- og B hluta eru þau að tekjur urðu hærri en áætlað var og útgjöld voru einnig hærri en áætlun. Hafa ber í huga að fjárhagsáætlun var endurskoðuð í september og þá samþykktur viðauki við upphaflega áætlun. Rétt er að vekja athygli á mismun annarra tekna skv. áætlun og skv. ársreikningi en sá munur skýrist að í ársreikningi er búið að fella út öll innri viðskipti s.s. fasteignagjöld, húsaleigu og þátttöku í yfirstjórn, sem áætlað er fyrir í fjárhagsáætlun.

3.3 Fjárfesting A og B hluta – miðað við fjárhagsáætlun.

Fjárfesting A hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam á árinu 2015 67,1 millj. kr., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 54,8 millj. kr. fjárfestingu. Fjárfesting B hluta á árinu 2015 nam um 13 millj. kr., í fjárhagsáætlun var áætluð fjárfesting 15 millj. kr.. Heildarfjárfesting á árinu 2015 nam því 80 millj. kr. en áætluð fjárfesting var 70 millj. kr.

Í skýringu nr. 22 í ársreikningnum er gerð nánari grein fyrir fjárfestingum á árinu í samanburði við fjárhagsáætlun.

4. Ársreikningur bæjarfélagsins 2015 – afkoma og fjárhagsstaða.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar er samandregin ársreikningur A hluta og B hluta stofnanna bæjarins s.s. fráveitu, hafnarsjóðs, framkvæmdasjóðs og einkahlutafélags um leiguíbúðir (FSH), sem er að fullu í eigu bæjarins. Í ársreikningnum eru innri viðskipti á milli þessarra aðila s.s. reiknuð húsaleiga, fasteignagjöld og þjónusta felld út úr ársreikningnum. Þegar fjallað er um ársreikninginn og hann skoðaður verður að hafa þetta í huga því í ársreikningi einstakra eininga eru þessar tekjur og gjöld innifalin, en eru felld út í samandregna ársreikningnum, enda hafa þessir liðir ekki áhrif á lokaniðurstöðu ársreikningsins.

Hér á eftir verður fjallað um hverja rekstrareiningu fyrir sig auk samstæðunnar.

Rekstrarreikningur

Bæjarsjóður A hluti.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 voru tekjur bæjarsjóðs 1.066 millj. kr. samanborið við 891 millj. kr. árið 2014. Hækkun á milli ára nemur því rúmlega 19,6%. Rekstrargjöld bæjarsjóðs þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir var 998 millj. kr. samanborið við 823,8 millj. kr. árið 2014, hækkun nemur 21,11%.

Rekstrarhagnaður Bæjarsjóðs fyrir fjármagnsgjöld nam 68,3 milljón króna en þá hefur verið tekið tillit til reiknaðra liða s.s. hækkunar lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð 18,7 millj. kr. og afskrifta að fjárhæð 40,5 millj. kr. Niðurstaða ársins 2015 var rekstrarhagnaður 16,8 millj. kr.

Fjármagnsgjöld Bæjarsjóðs á árinu 2015 námu 51,6 millj. kr. en voru 39,3 millj. kr. á árinu 2014. Á árinu 2015 voru reiknaðar verðbætur lána Bæjarsjóðs 18,1 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins 2015 varð jákvæð um 16,7 millj. kr. en var jákvæð um 27,9 millj. kr. árið 2014. Skatttekjur bæjarins hækkuðu um 10,1 millj. kr. eða 1,8% á milli ára. Framlög frá Jöfnunarsjóði hækkuðu um 32 millj. kr. eða um 16% á milli ára,

Rekstur málaflokka sem hlutfall af heildartekjum hækkar á árinu 2015 um 7,8% af tekjum en var á árinu 2014 um 3%, í skýringu nr. 36 í ársreikningnum sést hvernig þessi gjöld skiptast. Rekstur fræðslumála sem hlutfall af heildartekjum hækkaði úr 52,3% í 55,2%,. Aðrir málaflokkar stóðu nánast í stað sem hlutfall af tekjum á milli ára

Afkoma eignasjóðs batnaði á milli ára, hagnaður hækkaði úr 47,4 millj. kr á árinu 2014 í 84 millj. kr á árinu 2015. Stærsta breytingin á breytingu eignasjóðs er tilkomin vega sölu á fasteign sen nam um 48 millj

kr. Rekstur þjónustumiðstöðvar er svipaður og áður, sem skýrist aðallega af betri útdeilingu á vinnu starfsmanna áhaldahúss inná einstök verkefni.

B hluta fyrirtæki.

Á árinu gekk rekstur B-hluta fyrirtækja betur en oft áður, rekstur Fráveitu og Hafnarinnar var með hagnaði á árinu, en rekstur Framkvæmdasjóðs og FSH með rekstrarhalla líkt og fyrri ár.

Fráveita.

Fráveitan er rekin með 6,9 millj. kr. hagnaði á árinu 2015 miðað við 4,1 millj. kr. rekstrarhagnað 2014, en þá hefur verið tekið tillit til afskrifta að fjárhæð 8,2 millj. kr. og gengismunar að fjárhæð 2,1 millj. kr. Stærsti munurinn á milli ára liggur í hækkun tekna og lækkun fjármagnskostnaðar sem skýrist að langmestu leiti af lækkun á verðbótum milli ára. Samkvæmt sjóðsstreymisyfirlit var framlag frá rekstri 17,1 millj. kr. Áætlaðar afborganir langtíma lána á árinu 2016 eru um 17,5 millj. kr. Fráveitan hefur undanfarin ár getað greitt af öllum sínum lánum án aðstoðar bæjarsjóðs.

Hafnarsjóður.

Á árinu 2015 var hagnaður af rekstri hafnarsjóðs 13,9 millj. kr. þegar tekið hafði verið tillit til afskrifta að fjárhæð 4,9 millj. kr. Tekjur hafnarinnar hækkuðu um 9,7 milljón krónur á milli ára. Samkvæmt sjóðsstreymisyfirliti var framlag frá rekstri 20,4 millj. kr. Áætlaðar afborganir langtíma lána á árinu 2016 eru um 12,8 millj. kr. Ef rekstur hafnarinnar á árinu 2016 verður með svipuðu sniði ætti höfnin að geta greitt af sínum lánum án aðstoðar bæjarsjóðs.

Framkvæmdasjóður.

Framkvæmdasjóður var rekinn með 1,9 millj. kr. halla á árinu, sem stafar aðallega af fjármagnskostnaði. Nánast engar tekjur eru í Framkvæmdasjóði þannig að bæjarsjóður leggur honum til fé til að standa við skuldbindingar sínar og fjárfestingar, en á árinu 2015 var fjárfest fyrir 4,8 millj. kr. í hlutabréfum. Samkvæmt sjóðsstreymisyfirlit var framlag til rekstrar 0,9 millj. kr. Áætlaðar afborganir lána á árinu 2016 eru um 8,9 millj. kr. sem bæjarsjóður verður að greiða fyrir Framkvæmdasjóð líkt og fyrri ár.

Önnur fyrirtæki.

FSH er fært sem hluti af samstæðu Stykkishólmsbæjar, það er einkahlutafélag um leiguíbúðir bæjarins sem er að fullu í eigu Stykkishólmsbæjar. Rekstur FSH er og hefur verið erfiður en rekstrarmiðurstaða ársins er rekstrarhalli að fjárhæð 3,3 millj. kr. en var á árinu 2014 rekstrarhalli 2,3 millj. kr. Hallarekstur FSH skýrist að mestu leiti af háum fjármagnskostnaði vegna mikillar skuldsetningar og töluverðum viðhaldskostnaði s.l. ár. Í árslok 2015 var eigið fé félagsins neikvætt um 55,3 millj. kr., og skuldir alls voru um 85,2 millj. kr. Þrátt fyrir neikvætt eigið fé má gera ráð fyrir að í raun sé það jákvætt ef tekið er tillit til þess að níu íbúðir FSH eru tilgreindar á bókfærðu verði 29,9 millj. kr. en fasteignamat þeirra er um 104,6 millj. kr. Samkvæmt sjóðsstreymisyfirlit var framlag til rekstrar 2,5 millj. kr.

Samstæðan A og B hluti.

Heildartekjur samstæðu A og B hluta Stykkishólmsbæjar námu 1.151 millj. kr. á árinu 2015 en voru 961,5 millj. kr. árið 2014. Hækkun á milli ára nemur því 19,7%. Rekstrargjöld samstæðunnar þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir var 1.049 millj. kr. samanborið við 868,8 millj. kr. árið 2014, hækkun nemur 20,74%.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir fjármagnsgjöld nam 102,2 milljón króna en þá hefur verið tekið tillit til reiknaðra liða s.s. hækkunar lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð 18,8 millj. kr. og afskrifta að fjárhæð 54,4 millj. kr. Niðurstaða ársins 2014 var 93,1 millj. kr.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar á árinu 2015 námu 69,4 millj. kr. en voru 57,3 millj. kr. á árinu 2014. Á árinu 2015 voru reiknaðar verðbætur lána samstæðunnar 16,1 millj. kr. en voru árið 2014 12,9 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins 2015 var jákvæð um 32,7 millj. kr. en var jákvæð um 35,8 millj. kr. árið 2014.

Á bls. 20 í ársreikningnum má sjá hvernig tekjur og gjöld bæjarfélagsins hafa þróast s.l. fimm ár, og á bls. 22 er samanburður á rekstrarreikningum og áætlunum árána 2015, 2014 og 2013.

Efnahagsreikningur

Samkvæmt efnahagsreikningi A hluta hinn 31/12 2015 er bókfært eigið fé bæjarsjóðs 1.150,7 millj. kr. Heildareignir eru bókfærðar á 2.377 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 1.226 millj. kr. þ.a. nemur lífeyrisskuldbinding um 226 millj. kr. sem skiptast í lífeyrisskuldbindingar sem falla í gjalddaga á næstu 15 árum 146 millj. kr og sem falla í gjalddaga síðar 80 millj. kr., langtímaskuldir um 789,6 millj. kr. og skammtímaskuldir um 210,4 millj. kr. Skuldahlutfall skv. útreikningsreglum er um 107,5%. Veltufjárhlutfall er 1,72 og eigið fé er 48,4%. Þegar þessar tölur eru skoðaðar verður að hafa í huga að inni í þeim eru kröfur á eigin fyrirtæki sem fullvíst má telja að innheimtist ekki innan ársins.

Efnahagsreikningur samstæðunnar A og B hluta sýnir lakari mynd en efnahagsreikningur A hluta. Þar er eigið fé 982,9 millj. kr. Heildareignir eru bókfærðar á 2.385,7 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 1.402,7 millj. kr. þ.a. nemur lífeyrisskuldbinding um 226 millj. kr., sem skiptast í lífeyrisskuldbindingar sem falla í gjalddaga á næstu 15 árum 146 millj. kr og sem falla í gjalddaga síðar 80 millj. kr., langtímaskuldir um 940,7 millj. kr. og skammtímaskuldir 235,6 millj. kr. Skuldahlutfall skv. opinberum útreikningsreglum er um 114,9%.

Veltufjárhlutfallið er 0,72% og eigið fé 41,2%.

Eins og fram kemur í efnahagsreikningnum þá hefur eigið fé hækkað á milli ára umfram rekstrarhagnað af rekstri bæjarins á árinu 2015. Þessi hækkun skýrist af því að í reikningsskilunum eru lönd og lóðir færðar til eignar m.v. ákveðna ávöxtunarkröfu, sem ræðst af lóðarleigu ársins. Þetta hefur þær afleiðingar að matsverð landa og lóða getur breytst á milli ára. Nánari grein er gerð fyrir þessarri breytingu í skýringu nr. 2 í ársreikningnum.

Erfiður rekstur B hluta fyrirtækja undanfarin ár dregur heildina niður. Eiginfjárhlutfall A-hluta bæjarsjóðs í árslok 2015 er 48,4%, en samandreginn efnahagsreikningur A og B-hluta sýnir eiginfjárhlutfall 41,2%. Hafa ber í huga þegar eiginfjárhlutfall er skoðað að eignir bæjarfélagsins eru allar tilgreindar á upphaflegu kostnaðarverði en ekki raunvirði þannig að raunveruleg hrein eign Stykkishólmsbæjar er hugsanlega hærri.

Varðandi nánari skýringar og samanburð við fyrra ár er vísað til efnahagsreiknings á bls. 6-7 og skýringa nr. 21-33 í ársreikningi.

Sjóðsstreymi

Í sjóðsstreymi A hluta bæjarsjóðs fyrir árið 2015 sést að veltufé frá rekstri er um 59 millj. kr., og í sjóðsstreymi samdregins A og B hluta er veltufé frá rekstri 91,5 millj. kr. Þetta er um 8,5% af heildartekjum bæjarfélagsins. Mjög mikilvægt er að rekstur bæjarfélagsins skili veltufé frá rekstri, en þaðan kemur fjármagn til nýrra fjárfestinga og afborgana lána, þetta er því ein mikilvægasta niðurstaðan í ársreikningnum. Á árinu 2015 var fjárfest fyrir um 80,2 millj. kr. en var 15,6 millj. kr. árið áður. Þetta er um 6% af rekstrartekjum bæjarins. Fjárfestingar og afborganir lána voru fjármagnaðar að hluta með handbæru fé frá rekstri, seldum eignum og með nýjum lántökum, nettó lækkun langtímaskulda var 33

millj.. Í árslok 2014 nam handbært fé bæjarins um 30,8 millj. kr. en var í árslok 2015 var ekkert handbært fé en yfirdráttarskuld að fjárhæð 17 millj kr. Æskilegt er að handbært fé nemi a.m.k. mánaðar útgjöldum.

Áætlaðar afborganir langtímaskulda bæjarsjóðs á árinu 2016 er um 136 millj. kr. Það er því nauðsynlegt að framlag frá rekstri vaxi þannig að það dugi a.m.k. fyrir greiðslu afborganna lána. Miðað við núverandi skuldsetningu Stykkishólmsbæjar og sama framlag frá rekstri tæki u.þ.b. 20 ár að greiða upp allar skuldir bæjarfélagsins þ.e. bæði A og B hluta.

4. Niðurstöður.

Hér á eftir koma fram helstu niðurstöður okkar sem komu fram við endurskoðunina.

Bókhald og innra eftirlit.

Innra eftirlit, eftirfylgni svo og vinna við bókhaldið og afstemmingar er í ágætu lagi. Bókhaldið er fært jafnóðum og helstu afstemmingar eru framkvæmdar mánaðarlega. Eftirlit með fjármunum og greiðslum bæjarfélagsins er í föstum skorðum og verkaskipting á milli aðila er góð. Útgáfa reikninga og innheimta þeirra er í föstum skorðum hjá sveitarfélaginu. Við endurskoðunina kom í ljós að ýmsir starfsmenn bæjarins höfðu yfir að ráða innkaupakorti sem þeir geta notað við innkaup fyrir bæjarfélagið. Athugun á notkun þessarra korta gaf ekki tilefni til athugasemda en við teljum þó að setja þurfi reglur um notkun þessarra korta og eftirliti með þeim.

Útistandandi skuldir.

Á undanförnum árum hefur verið fært á afskriftarreikning framlög til að mæta óvissum kröfum, þessi reikningur stóð í u.þ.b. 4,0 millj. kr. í ársbyrjun. Á árinu voru kröfur að fjárhæð u.þ.b. 0,5 millj. kr. afskrifaðar að fullu. Auk þess voru lagðar til hliða á afskriftarreikning u.þ.b. 4,0 millj. kr. Það er mín skoðun að búið sé að afskrifa stærstan hluta óinnheimtanlegra krafna. Ég vil þó ítreka það sem ég hef áður sagt að fara þarf reglulega yfir óvissar kröfur og meta hvort þær séu innheimtanlegar.

Langtímakröfur.

Á meðal eigna bæjarsjóðs eru langtímakröfur á Eignasjóð og Fráveitu. Samtals nema þessar kröfur um 292.4 millj. kr. sem greinist þannig að krafa á Fráveitu er 105.5 millj. kr. og á Eignasjóð 186.7 millj. kr. Þessar kröfur mynduðust þegar Eignasjóður og Fráveita voru færð frá bæjarsjóði og gerð að sérstökum rekstrareiningum, eins og áður hefur komið fram. Þessar kröfur hafa verið verðbættar og vaxtareiknaðar í samræmi við fyrirmæli Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga. Bæði Eignasjóður og Fráveitan stóðu alveg í skilum með vexti og afborganir af skuldunum. Aðrar kröfur eru um 11,1 millj. kr. að mestu vegna sölu eigna og útistandandi gatnagerðargjalda og eru þær nánast allar í skilum.

Handbært fé.

Í lok árs 2015 var ekkert handbært fé í eigu bæjarfélagsins, en hafði verið um 30,6 millj kr í ársbyrjun. Handbært fé bæjarins hafði á undanförunum árum lækkað verulega. Að mínu áliti er nauðsynlegt að bæjarsjóður hafi aðgang að lausu fé, það er nauðsynlegt að í sjóði sé laust fé sem nægi fyrir a.m.k. eins mánaðar útgjöldum. Að öðrum kosti er hætt á að bæjarsjóður geti lent í greiðsluvandræðum með tilheyrandi kostnaði. Í árslok 2015 var veltufjárhlutfall Stykkishólmsbæjar neikvætt en þarf að vera a.m.k. um 1,0. Veltufjárhlutfall er mælikvarði á hæfi rekstraraðila til að geta staðið við skuldbindingar sínar innan ársins.

Skuldir og skuldbindingar.

Í árslok 2015 eru heildarskuldir og skuldbindingar Stykkishólmsbæjar um 1.402,8 millj. kr. eða um 1.272 þús. kr. pr. íbúa þ.a. eru lífeyrisskuldbindingar um 205 þús. kr. pr. íbúa, og áhvílandi skuldbindingar utan efnahagsreiknings að fjárhæð um 313 þús. kr. pr. íbúa. Þrátt fyrir töluverða skuldsetningu bæjarfélagsins er staða bæjarfélagsins góð a.m.k. ef miðað er við eiginfjárstöðu. Nauðsynlegt er að viðhalda rekstrarafgangi af rekstri bæjarins og auka veltufé frá rekstri. Ég tel að fara verði með gát varðandi aukningu á skuldsetningu bæjarfélagsins. Á það skal bent að áætlaðar afborganir lána á árinu 2016 nema um 136 millj. kr. en á árinu 2015 var veltufé frá rekstri skv. sjóðsstreymisyfirliti 91,5 millj. kr. þannig að ef ekki verður aukning á veltufé frá rekstri, sem aðeins næst með jákvæðum rekstri, er augljóst að

Stykkishólmsbær verður að taka ný lán eða fá skuldbreytingu og lengingu í lánnum til að geta staðið í skilum með afborganir. Meðal lána bæjarins eru handhafaskuldabréf samtals að fjárhæð u.þ.b. 150 millj. kr. sem eiga að greiðast upp á næstu fjórum árum. Að mínu áliti myndi það léttu verulega á greiðslubirgði langtímalána ef hægt yrði að greiða þessi lán upp með nýrri lántöku til lengri tíma. Öll lán og skuldbindingar eru í skilum í árslok. Í árslok eru heildarskuldir Stykkishólmsbær u.þ.b. 114,9% af tekjum, m.v. reiknireglur Reikningsskilanefndar sveitarfélaga. Samkvæmt lögum nr. 138/2011, Sveitarstjórnarlög, þá skulu heildarskuldir og skuldbindingar ekki vera hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Stykkishólmsbær er því fyrir neðan þetta viðmið í árslok 2015.

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings.

Stykkishólmsbær er í ábyrgðum vegna skuldbindinga fyrirtækja og stofnanna sem er ekki að fullu í eigu bæjarfélagsins. eru það einkum Jeratún ehf sem er félag í eigu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um byggingu og rekstur framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Ábyrgð Stykkishólmsbæjar á þessum skuldbindingum er um 96 millj kr sem er 27% af skuldbindingum félagsins, en skuldbindingin takmarkast við eignarhlutinn í félaginu. Önnur stærsta ábyrgð Stykkishólmsbæjar er vegna lána Dvalarheimilisins í Stykkishólmi er sú ábyrgð um 64 millj kr. auk þess sem dvalarheimilið skuldar bænum um 18 millj kr. Undanfarin ár hafa daggjöld ekki dugað fyrir útgjöldum þannig að rekstrartap hefur verið fjármagnað með lántökum. Síðast liðin a.m.k. tólf ár hefur verið litið á dvalarheimilið sem sjálfstæða stofnun sem ekki væri á ábyrgð eða í eigu Stykkishólmsbæjar. Að mínu áliti er nokkuð ljóst að dvalarheimilið hefur ekki a.m.k. í nánustu framtíð möguleika á að greiða Stykkishólmsbæ til baka þær kröfur sem bærinn á á dvalarheimilið auk þess sem dvalarheimilið mun eiga í vandræðum með að greiða af þeim lánnum sem hvíla á því. Ég tel því nauðsynlegt að stjórnendur Stykkishólmsbæjar leiti leiða til að léttu skuldsetningu á dvalarheimilinu. Ég tel einnig nauðsynlegt að rekstur Dvalarheimilisins og þjónustuíbúðanna verði betur aðgreindur frá bænum t.d. með því að um Dvalarheimilið verði stofnað sjálfseignarstofnun með stofnfé frá Stykkishólmsbæ og ef til vill fleirum og að þjónustuíbúðunum verði breytt í búseturéttarfélag.

Fjárhagsáætlun.

Við samanburð á fjárhagsáætlun og ársreikningi hafa komið nokkur frávik sem sum eiga sér eðlilegar skýringar. Setning fjárhagsáætlunar er markmiðssetning þannig að alltaf má búast við einhverjum frávikum. Þessi frávik eru minni á árinu 2015 en oft áður sem skýrist af vandaðri vinnu við fjárhagsáætlunargerðina og því að áætlunin var endurskoðuð í september 2015. Eins og áður hefur áætlunin verið kynnt fyrir forstöðumönnum stærstu einstakra rekstrareininga eins og skólanna og íþróttamannvirkjanna ég tel að þetta gefi ótvírætt gott aðhald í rekstrinum því þannig verði þeir meðvitaðri um reksturinn og betur í stakk búnir að grípa til viðeigandi ráðstafanna til að vera innan áætlunarinnar.

Rekstur bæjarfélagsins.

Rekstrarhagnaður varð af rekstri bæði A hluta og A og B hluta á árinu 2015. Vegna lögboðinna verkefna bæjarfélagsins og þess hve kostnaðarliðir sem bæjarfélagið getur lítil áhrif haft á, er því sniðinn þröngur stakur til að hagræða í rekstri. Rekstur bæjarfélagsins er ekki að snúast til betri vegar þegar rekstrartekjurnar á árinu 2015 vaxa um tæp 3% á meðan rekstrarútgjöldin vaxa um rúm 7%. Á árinu 2015 hækkuðu framlög Jöfnunarsjóðs um 16 millj. kr. sem að hluta til skýrist af framlögum til málefna fatlaðra..

Eins og undanfarin ár er rekstur fræðslumála og æskulýðs- og íþróttamál verið lang stærstu málaflokkarnir í rekstri bæjarfélagsins með um 73,5% af útgjöldum m.v. tekjur, á árinu 2014 hækka þetta hlutfall lítillega á milli ára. Aðrir stórir málaflokkar eru félagsþjónusta og sameiginlegur kostnaður en þessir málaflokkar taka til sín á árinu 2015 tæplega 9% af tekjum.

Það er alveg ljóst að til að ná þeim árangri að rekstur bæjarfélagsins verði jákvæður verður áfram að gæta verulegs aðhalds í rekstri bæjarfélagsins.

Í rekstrarúttekt á rekstri bæjarins sem fram fór haustið 2014 kemur fram að rekstrarkostnaður bæjarins á íbúa í nokkrum málaflokkum er nokkru hærri en í viðmiðunar sveitarfélögunum. Af því má ráða að það séu einhverjir möguleikar á að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri bæjarfélagsins.

Opinber viðmið.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru ákvæði þess efnis að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisregla). Annað viðmið samkvæmt þessum sömu lögum er skuldahlutfall í ársreikningum sveitarfélaga, en þar er miðað við að heildarskuldir og skuldbindingar skv.A og B-hluta reikningsskilanna séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur eftirlit með að þessi viðmið séu virt. Hún hefur gefið út lista yfir það sem hún kallar lágmarksviðmið.

Þessi viðmið eru þannig hjá sveitarfélögum þar sem skuldahlutfallið er á bilinu 100-150%

	100%	150%
Framlegð sem hlutfall af tekjum	10%	15%
Rekstrarniðurstaða (hærri en)	0	0
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	5%	7,50%
Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána	1,0	1,0
Ný lántaka/fjárfesting sem hlutfall af skuldum	5%	5%
Endurgreiðslutími skulda	20 ár	20 ár
Veltufjárhlutfall	1,0	1,0
Viðmið vaxta	5%	5%

Stykkishólmsbær uppfyllir nokkur þessarra skilyrða en tvö af mikilvægustu skilyrðunum eru ekki uppfyllt þ.e. veltufé frá rekstri á móti afborgunum af lánum og veltufjárhlutfall sé hærra en einn.

Lokaorð.


Hér að framan höfum við farið yfir helstu atriði í okkar vinnu og bent á ýmis atriði til frekari útskýringa og á það sem við teljum að betur mætti fara. Eins og fram kemur í áritun okkar á ársreikninginn gerum við engar athugasemdir og það er álit okkar að hann gefi glögga mynd af afkomu Stykkishólmsbæjar á reikningsárinu 2015, efnahag bæjarfélagsins 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við gildandi lög, fyrirmæli, reikningskilavenjur og gildandi endurskoðunarstaðla á Íslandi.

Reykjavík 13. maí 2016.

Þrep ehf. – endurskoðun.

Löggiltur endurskoðandi.

Bæjarsjóður - þróun tekna pr. íbúa



Bæjarsjóður - handbært fé - rekstrarniðurstaða.

